# REGLUGERÐ

**um gildistöku framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. ~~46~~ 90/2022 frá ~~18~~ 29. ~~mars~~ apríl 2022, öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi hér á landi:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/~~1705 frá 14. júlí 2021~~ 1703 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 ~~um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429~~ að því er varðar ~~reglur~~ dýraheilbrigðiskröfur ~~um~~ vegna komu ~~sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum~~ afurða úr dýraríkinu, sem er að finna í samsettum afurðum, inn í Sambandið ~~og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu~~. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. ~~26~~ 34, frá ~~21~~ 25. ~~apríl~~ maí 2022, bls. ~~20~~ 28.

2. gr.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 sem nefnd er í 1. gr. er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 54/1990, um innflutning dýra, lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lög nr. 93/1995, um matvæli, lög nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lög nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum og lög nr. 71/2008, um fiskeldi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lögum nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum og lögum nr. 71/2008, um fiskeldi.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 12. apríl 2022.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Emilía Madeleine Heenen.*

FYLGISKJAL.

Hlekkur á reglugerð með fylgiskjali á PDF formi.

**Fyrirvari**
Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.
Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.